

Tónlistarskóli Stykkishólms - SKÓLANEFND

1. fundur 2013-2014 - þriðjudaginn 10. september 2013 kl. 17:00

Mættar voru Þóra Margrét Birgisdóttir formaður, Anna Melsteð varamaður, Jóhanna Guðmundsdóttir og Eydís Bergmann Eyþórsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þóra Margrét setti fundinn og bauð allar velkomnar.

1. Skýrsla skólastjóra

Innritun lauk í júní og umsóknir skiluðu sér vel og eru komnar inn nokkrar viðbótarumsóknir.

❖ Nemendur / kennsla:

✓ Umsóknir alls	128	
✓ Skráðir nemendur	106	
✓ Á biðlista	6	
✓ Fá ekki aukahljóðfæri	10	(- Ekki settir á biðlista)
✓ Byrjuðu og hættu við	2	
✓ Fá ekki inngöngu	2	(1 ums. of ungur, 1 ekki með lögheimili hér)
✓ Grunnskólanemendur	82	
✓ FSn-nemendur	13	(þ.e. yngri en 20 ára)
✓ Fullorðnir nemendur	11	

* Fullorðnir nemendur voru látnir „víkja“ fyrir börnum og unglingum v/biðlista – fengu yfirleitt ekki nema hálf nám (en komust þá fleiri að).

❖ Kennarar / kennslugreinar

Allir kennarar bókaðir í botn.

- ✓ Anette Markvoll (80%): - tréblástur, blokkflautur, aðstoð við lúðrasveit. Örlítt biðlisti, auk þess að flestir sem báðu um aukahljóðfæri en fengu ekki, sóttu um á tréblásturshljóðfæri. – (Ath. að starfshlutfall tréblásturskennara var í fyrra tæp 100%.)
- ✓ Hafþór S. Guðmundsson (75%): - trommur, trommusveit, samspil, aðstoð við lúðrasv. Biðlisti er hjá Hafþóri. Starfshlutfall hans var þó aukið – var 50%.
- ✓ Hólmfríður Friðjónsdóttir (70%): - söngur, gítar, píanó, skólakór, tónfræði á grunnstigi. Skólakór er nýjung í skólastarfinu og er í byrjun hugsaður fyrir nemendur skólans á grunnskólaaldri.
- ✓ Hólmgeir S. Þórsteinsson (100%): - píanó, rafbassi, tónfræði á miðstigi, aðst. í samspili.
- ✓ Lárus Pétursson (49%): - klassískur gítar, samspil.
- ✓ László Petö (50%): - píanó, orgel, meðleikur með öllum söngnemendum sem og blástursnemendum á mið- og framhaldsstigi.
- ✓ Martin Markvoll (100%): - málmblástur, rafgítar, lúðrasveitarstjóri, samspil.

❖ Húsnæðismál

Byggingafulltrúi Stykkishólmsbæjar er að skoða vinnuaðstöðuna hjá starfsfólki skólans og skoða leiðir til að bæta hana.

- ✓ Nýir stólar komnir
- ✓ Málaðir gangar í sumar
- ✓ Ath. ljósritunarherb. og gömlu skrifstofuna sem þarf að nýta betur.
- ✓ Lýsing er gömul eins og raflagnir.
- ✓ Hljóðvist er nauðsynlegt að bæta
- ✓ Merkja þyrfti bílastæði (þau nýtast oft illa þegar fullt er í Setrinu o.fl.)

❖ Hljóðfæri – kennslugögn

- ✓ Nýr tenorsaxofónn keyptur í haust og er strax kominn nemandi á hann.
- ✓ Vantar: 3 nýjar bassatrommur, altsaxofón o.fl. ...
- ✓ Tölvu- og tækjamál kennara til umræðu.

❖ Skóladagatalið (stiklað á stóru)

17. nóvember verða haldnir Minningartónleikar um Hafstein Sigurðsson á Hótel Stykkishólmi.

21. nóvember verða hausttónleikar lúðrasveitarinnar og laugardaginn 15. febrúar verður dagur tónlistarskólanna og verður þessi haldinn framvegis fyrsta laugardag eftir 10. febrúar. Landsmót B-sveita verður haldið í Stykkishólmi 4.-6. apríl 2014.

24. apríl 2014 verða afmælistónleikar Lúðrasveitar Stykkishólms en sveitin verður 70 ára.

- ✓ 18. sept. Svæðisþing í Borgarnesi
- ✓ 28.-31. okt. Tónfundir - haust
- ✓ 17. nóvember Minningartónleikar um Hafstein Sigurðsson
- ✓ 21. nóv. Hausttónleikar lúðrasveitarinnar
- ✓ 22.-24. nóv. Tónleikaferðalag LS
- ✓ 2.-5. des. Jólatónleikar í sal
- ✓ 18. des. Jólatónleikar í kirkjunni
- ✓ jan-feb. Samspilsvikur (til undirbúnings m.a. fyrir DT)
- ✓ 10.-14. feb. Tónfundir
- ✓ 15. feb. Dagur tónlistarskólanna
- ✓ 8. mars Svæðistónleikar NÓTUNNAR í Borgarnesi
- ✓ 23. mars Lokahátíð NÓTUNNAR í Hörpu
- ✓ 4.-6. apríl Landsmót SÍSL í Stykkishólmi
- ✓ 24. apríl Afmælistónleikar Lúðrasveitar Stykkishólms (70 ára)
- ✓ 5.-9. maí Vorpróf
- ✓ 12.-16. maí Vortónleikar
- ✓ 21. maí Skólaslit (í kirkjunni)

❖ Afmælisárið

- ✓ Skipa þarf afmælisnefnd (skóla og lúðrasveitar)
- ✓ Lúðrasveitin hefur ákveðið afmælistónleika á sumard. fyrsta
- ✓ Hugmyndir um viðburði er verið að safna saman (og vel þagnar)
- ✓ Hugmyndir um „afmælisgjafir“
- ✓ Skólanefnd bendir á styrki úr L&M og MV v/afmælishátíðar.

2. Önnur mál

- ✓ Skólagjöld - tillaga nefndarinnar var samþykkt (+ 4%).
- ✓ 6-7 mánaða uppgjör fjárhagsárs skólans virðist koma vel út.
- ✓ Gera þarf ráð fyrir ýmsum hækkunum þegar gerð verður ný fjárhagsáætlun, t.d. þyrfti að gera ráð fyrir kostnaði v/afmælisársins mikla.
- ✓ Hækka þarf framlagið til LS – ekki síst vegna viðburða á afmælisárinu. (Framlagið hefur verið sama krónutala undanfarin ár, þrátt fyrir verðlagshækkunir.)
- ✓ Gott væri að semja við Anette um að taka að sér eina sveitina (af þremur) næsta ár.
- ✓ Huga þarf að uppbyggingu lúðrasveitanna með stöðugri endurnýjun.

- ✓ Eyðis tilkynnti að hún hyggðist segja sig úr skólanefndinni af persónulegum ástæðum. Mun hún tilkynna það bæjarfulltrúum. Skólanefndin þakkar henni samstarfið.